

Samningur um lán á Nissan e-NV200



Miklartorg hf., hér eftir nefnt IKEA lánar þér neðangreinda bifreið í allt að tvær klukkustundir gegn 1.000 króna umsýslugjaldi. Tvær klukkustundir er hámarkslánstími. Fyrsta byrjaða klukkustund umfram það kostar 10.000 kr. og hver byrjuð klukkustund þar á eftir 20.000 kr.

Skilyrði fyrir því að fá lánaða bifreið hjá IKEA eru:

- Bifreiðin er eingöngu lánuð til viðskiptavina IKEA og eingöngu til að flytja IKEA vörur frá verslun og eða vöruhúsi IKEA og á áfangastað.
- Vörur sem lántaki þarf að flytja í bifreiðinni þurfa að vera það fyrirferðarmiklar að illmögulegt sé að flytja þær öðruvísi en á bíl og það þarf að framvísa kvittun fyrir kaupum sama dag.
- Bifreiðina má eingöngu nýta til flutninga á suðvesturhorni landsins á svæði sem afmarkast af Akranesi í norðri og Selfossi í austri. Ekki er leyfilegt að aka bifreiðinni utan bundins slitlags.
- Lántaki þarf að vera 18 ára eða eldri og framvísa gildu fullnaðarökuskírteini og gildu kreditkort.
- Lántaki leggur fram 30.000 króna skila- og tjónatryggingu sem skráist sem biðfærsla á kreditkort viðkomandi.
- Vörur sem flytja þarf í bifreiðinni skulu mæta eftirfarandi kröfum:
 - o Að þær passi í bifreiðina þannig að hægt sé að loka öllum hurðum. Vara má ekki standa út um opna glugga eða liggja á mælaborðinu.
 - o Að ökumanni og farþegum stafi ekki slysaætla af vörum og að þær séu tryggilega festar.
 - o Að vörur skemmi ekki innréttingu bifreiðarinnar.
 - o Að burðargetu bifreiðarinnar sé ekki ofboðið. Heildarþyngd (fólk og farmur) má ekki fara yfir 700 kg.
 - o Ef kerra er notuð þá má hún ekki veга meira en 400 kg fulllestuð (léttkerra IKEA).

Upplýsingar um lántaka:

Dagsetning: _____ Símanúmer: _____

Nafn: _____

Kennitala: _____ Númer ökuskírteinis: _____

Heimilisfang: _____ Símanúmer: _____

Netfang: _____ Tekið að láni kl.: _____

Skilað kl.: _____

Lendi lántaki í óhappi skal tilkynna IKEA það strax í síma 532-3620.

Undirskrift lántaka

Undirskrift starfsmanns IKEA

Með undirskrift samþykkir lántaki einnig skilmála á bakhlið þessa blaðs.

Skilmálar hér fyrir neðan eru hluti af samningnum sem undirritaður er við upphaf láns á bifreið.




1. Aðild, ábyrgð og skilyrði fyrir láni:

Eigandi bifreiðar er Miklatorg hf. (IKEA) kt. 541293-2809.

1. Lántaka er einum heimilt að aka bifreiðinni og óheimilt er að lána eða framleigja bifreiðina.
2. Lántaki verður að vera með gilt fullnaðarökuskírteini.
3. Lántaki lofar að fylgja umferðarreglum í einu og öllu.
4. IKEA er ekki ábyrgt fyrir beinum eða afleiddum kostnaði sem orsakast af skemmdum eða rangri notkun á bifreiðinni eða öðrum afleiddum kostnaði.
5. Óheimilt er að nota bifreiðina til flutnings á öðru en þeim vörum sem keyptar eru í IKEA þann dag sem bifreiðin er lánuð og einungis á milli afgreiðslustaðar IKEA og afhendingarstaðar.
6. Reykingar og notkun á rafsígarettum eru bannaðar inni í bifreiðinni.
7. IKEA áskilur sér einhliða rétt til að neita að lána bíl sé veðurspá eða færð á vegum þessleg að hætta geti skapast. IKEA ber ekki ábyrgð á kostnaði, beinum eða afleiddum, sem kann að skapast vegna þess.

2. Ástand bifreiðar við upphaf lánstíma:

Engar athugasemdir eru við ástand bifreiðarinnar.



3. Ástand bifreiðar við skil – ábyrgð

1. Bifreiðinni á að skila hreinni og í sama ástandi og hún var í við upphaf leigutímans.
2. IKEA er heimilt að innheimta raunkostnað ef þörf er á þrifum, sem innheimtist af kreditkorti.
3. Allar skemmdir sem verða á bifreið á lánstímanum eru alfarið á ábyrgð lántaka. IKEA er heimilt að krefja lántaka um greiðslu vegna viðgerða á bifreiðinni og sjálfábyrgðar frá tryggingafélagi ef á hana reynir.
4. Lántaki ber alla ábyrgð á tjóni sem rekja má til slæmrar eða rangrar umgengni á bifreiðinni eða ef tjón verður vegna gáleysis við akstur bifreiðarinnar.
5. Verði bifreiðin fyrir altjóni skal leigutaki ábyrgjast og greiða IKEA allan þann kostnað sem á IKEA fellur. Bifreiðin er ábyrgðar- og kaskótryggt. Sjálfábyrgð í kaskótryggingu er 130.000 kr.
6. IKEA er heimilt að halda tryggingu þeirri sem lögð var fram í upphafi lánstíma þar til kostnaður hefur verið gerður upp. Bifreiðin er ávallt á ábyrgð lántaka.

4. Gildistími lánsamnings – úrræði IKEA vegna brota á ákvæðum um gildistíma

1. Lánsamningur þessi rennur út á fyrirfram tilgreindum tíma.
2. Að notkun lokinni skal lántaki skila bifreið til IKEA. Fari lánstími fram yfir umsaminn tíma þarf lántaki að greiða afnotagjald sem greitt er þegar bifreið er skilað til samræmis við verðskrá á framhlið þessa samnings.
3. Ekki er leyfilegt að vera með bifreið að láni yfir nótt.
4. Hægt er að skila bifreið til öryggisvarða IKEA eftir lokun verslunar. Sími er 532-3620.
5. Skili lántaki ekki bifreið á umsömdum tíma er IKEA heimilt að sækja bifreiðina á hvern þann stað sem hana er að finna og taka í sína vörslu, allt á kostnað lántaka.

5. Persónuverndarákvæði, öryggisúrræði og eftirlitsbúnaður

1. Í bifreiðinni er myndavél með innbyggðum hljóðupptökubúnaði. Henni er beint fram á við og er myndavélin á stöðugri upptöku. Á upptöku skráist niður auk myndefnis: hljóð, tímasetning, dagsetning og staðsetning samkvæmt GPS hnitum.
2. Myndavélin er sí tengd rafmagni og er óheimilt að taka hana úr sambandi.
3. Í bifreiðinni er síritunarbúnaður sem skráir niður upplýsingar samkvæmt GPS hnitum. Í þeirri skrá koma fram tímaskráningar, aksturslag og hvert var ekið. Búnaðurinn sendir bæði upplýsingar í rauntíma og vistar téð gögn.
4. Búnaðurinn sendir upplýsingar um frávík, t.a.m. er varða hraðakstur og brot á stöðvunarskyldu.
5. Það er með öllu óheimilt að eiga við þennan síritunarbúnað, taka hann úr sambandi eða hreyfa við honum.
6. Komi í ljós, samkvæmt gögnum fengnum úr ofangreindum eftirlitsbúnaði að lántaki hefur farið á skjön við ákvæði lánsamnings, áskilur IKEA sér rétt til að hafna frekari láni á bílum til lántaka.
7. Umferðarlagabrot á lánstíma eru á ábyrgð lántaka. IKEA mun veita lögreglu upplýsingar um þess háttar sé þess óskað.

- Tilgangur myndavélabúnaðar er að tryggja réttarstöðu lántaka gagnvart þriðja aðila komi til óhapps og til að koma í veg fyrir ágreiningsmál.
- Tilgangur síritunarbúnaðar er að koma í veg fyrir misnotkun á bifreiðinni og til að tryggja að lántaki fari að umferðarreglum, auk þess sem tækið gerir eiganda kleift að nálgast bifreiðina hratt og örugglega, sé henni ekki skilað á réttum tíma.